

**Nd.**

**598. Framhaldsnefndarállt**

um frumv. til laga um mjólkursölu í Reykjavík (þgskj. 558).

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Ed. hefir breytt frv. þessu að efni til að tvennu leyti:

1. orðað svo 1. gr., að bæjarstjórn sje heimilt að ákveða, að leyfi skuli þurfa til forstöðu mjólkursölu til almennings.
2. felt burt heimild handa bæjarstjórn til að banna sölu mjólkur til neyslu á veitingastöðum.

1. breytinguna telur nefndin meinlausa, en 2. vill hún ekki samþykkja. Telur ástæðu til að heimila bæjarstjórn að setja ákvæði um sölu mjólkur á veitingastöðum, svo sem í 3. gr. frv. eftir 3. umr. í Nd. greinir, enda liggur það undir samþykki stjórnarráðs. Ef veitingastaðir hafa jafnframt matsölu, verður bæjarstjórn að taka það til greina, ef takmörkuð verður sala á slíkum stöðum.

Nefndin ber því fram svo látandi

## BREYTINGARTILLÖGU

Við 3. gr.

- a) Eftir orðin: »til neyslu á sölustaðnum« komi:  
og til neyslu á veitingahúsum, svo og um
- b) orðin »og sömuleiðis« falli niður.

Alþingi, 23. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,  
form. og frsm.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.